



## **Tvöföld skólavist barns í leik- eða grunnskóla**

### **Inngangur**

Á undanförunum árum hefur beiðnum frá foreldrum um tvöfalda skólavist í leik- eða grunnskólum fjölgað. Meginreglan hefur verið sú að ekki er veitt heimild fyrir tvöfaldri skólavist hjá Akureyrarbæ en þó hafa verið gerðar á því undantekningar ef sérstakar ástæður hafa gefið tilefni til þess.

Með bréfi dags. 1. október 2019 gaf Samband íslenskra sveitarfélaga út leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist barna á leik- og grunnskólaaldri. Með tvöfaldri skólavist er átt við að barn, sem býr til skiptis hjá foreldrum í sitt hvoru bæjarfélaginu, fái leyfi til að ganga í tvo skóla þ.e. skóla sem tilheyra lögheimili hvors foreldris meðan það dvelur þar. Meðfylgjandi ákvörðun Akureyrarbæjar um tvöfalda skólavist í leik- og grunnskólum byggir alfarið á álitinu en þar er sérstaklega tekið fram að án samþykktra reglna geti sveitarfélag ekki tekið málefnalega ákvörðun um beiðnir sem því berast.

### **Stefna Akureyrarbæjar hvað tvöfalda leikskólavist varðar.**

Akureyrarbær hafnar óskum foreldra um tvöfalda skólavist barns í leik- og grunnskóla.

Þar sem um stjórnvaldsákvörðun er að ræða ber Akureyrarbæ að leiðbeina þeim foreldrum sem hafnað er um tvöfalda skólavist um þann möguleika að heimilt sé að kæra ákvörðunina til mennta- og menningarmálaráðuneytis á grundvelli almennra kærueheimildar í 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og laga um leikskóla nr 90/2008.

### **Horft er til eftirtalinna atriða við þessa ákvörðun**

Jöfn búseta til skiptis hjá foreldrum getur þjónað hagsmunum barns verði ekki veruleg röskun á skólagöngu þess. Í ljósi allra laga sem álitid vitnar til vega þarfir barns þyngra en sjónarmið um jafnrétti foreldra. Frekar er ætlast til að foreldrar lagi sig að aðstæðum barnsins til að tryggja því samfellu í daglegu lífi, öryggi og festu, en að barnið aðlagi sig að aðstæðum foreldranna. Gengur það gegn hagsmunum og þörfum barna að ganga í tvo skóla hvort sem barnið er á leik- eða grunnskólaaldri. Þetta meginsjónarmið kemur fram í greinargerð með barnalögum nr. 76/2003, þingsályktunartillögu frá 12. maí 2014 um jafna stöðu foreldra, skýrslu ráðherra um jafnt búsetuform sem lögð var fram á Alþingi 24. september 2015, athugasemdir við frumvarp um breytingar á barnalögum nr. 61/2012 sem tóku gildi 2013 og í frumvarpi til laga á 149. löggjafarþingi 2018-2019 um breytingar á barnalögum. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er skýrt kveðið á um *að barn gengur einungis í einn grunnskóla í senn*. Álit umboðsmanns barna, álit sérfræðinga í málefnum barna við HÍ, ákvæði barnalaga nr. 76/2003, leikskólalaga nr. 90/2008, grunnskólalaga nr. 91/2008 og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eru samhljóða hvað þetta varðar; Öll rök mæla gegn því að barn gangi í tvo skóla, hvort sem um leik- eða grunnskóla er að ræða.